

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hríseyjarheppi.

*Deiliskipulag við Austurveg, Eyjabyggð og Búðartanga, Hríseyjarhreppi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur sveitarstjórn Hríseyjarhrepps þann 24. maí 2002 samþykkt tillögu að deiliskipulagi við Austurveg, Eyjabyggð og Búðartanga í Hrísey.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 9 lóðum fyrir íbúðarhús og 20 lóðum fyrir frístundahús. Deiliskipulagið er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 12. apríl 2002 og greinargerð dags. 18. mars 2002.

Uppdrættirnir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Hrísey, 21. júní 2002.*

**Pétur Bolli Jóhannesson** sveitarstjóri/skipulagsfulltrúi.